

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2024/1944****2025/EES/10/70****frá 5. júlí 2024**

um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2019/450 að því er varðar birtingu tilvísana í evrópsku matsskjölin fyrir varmaeinangrunarplötur úr kísiltvíoxíði alsett örholum og stífum einingum úr pólýúretanfrauði til að festa tengihluta við útveggi og aðrar byggingarvörur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 frá 9. mars 2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EBE ⁽¹⁾, einkum 22. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í kjölfar beiðna um evrópskt tæknimat frá framleiðendum hafa samtök tæknimatsstofnana, í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 305/2011, samþykkt 19 evrópsk matsskjöl.
- 2) Evrópsku matsskjölin, sem samtök tæknimatsstofnana hafa samþykkt, varða tilvísanir í eftirfarandi byggingarvörur:
 - varmaeinangrunarplötur úr kísiltvíoxíði alsett örholum (kemur í stað tækniforskriftarinnar „EAD 040057-00-1201“),
 - stífar einingar úr pólýúretanfrauði til að festa tengihluta við útveggi,
 - kerfi fyrir plötur úr útpöndu glerkurli, magnesíumoxíði eða öðrum steinefnum, með múrhúð sem borin er á á staðnum, sem notaðar eru sem útveggjaklæðning (kemur í stað tækniforskriftanna „EAD 090019-00-0404“ og „EAD 090119-00-0404“),
 - kerfi fyrir plötur sem eru úr samsettu timbri og steypu,
 - sement sem byggist á belítkalsíumsúlfóalati og kalsíumsúlfóalati (kemur í stað tækniforskriftarinnar „EAD 150001-00-0301“),
 - tengijárnaskúffur,
 - varnir í opum og ysta byrði fyrir flóðvarnir bygginga eða annarra mannvirkja,
 - samsettar gólfklæðningar til notkunar utan- og innandyrna,
 - saumlausa og vistfræðilega flotilögn úr endurnýjanlegu og sjálfbæru efni,
 - fjaðrandi gólfefni úr etýlenprópýlendíen(-einliðu) og gúmmíkurli,
 - kerfi fyrir smíði bergbolta – kerfi fyrir snittteina,
 - trefjaplötur til notkunar í annað en burðarvirki innandyrna sem eru gerðar úr endurunnum beðmistrefjum á grunni beðmisleifa frá iðnaði,
 - trefjastyrkta fjölíðuteina úr kolefni, gleri, basalti og aramíði til styrktar burðareiningum,
 - hitasveigt, óhert gler og lagskipt öryggisgler úr hitasveigðu óhertu gleri,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjótið. ESB L, 2024/1944, 11.7.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 287/2024 frá 6. desember 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjótið. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 5, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2011/305/oj>.

- plastankeri sem eru skrúfuð í loft til að festa ytri varmaeinangrunarkerfi með múrhúð eða einangrunarvörur,
 - skrúfuankeri fyrir hita- og þrýstiherta frauðsteypu og létta steypu,
 - límdar festingar og þenslufestingar til notkunar í steypu (kemur í stað tækniforskriftarinnar „EAD 330499-01-0601“),
 - tengi fyrir steypustyrktarteina, sem komið er fyrir eftir á, með bætta tengi- og klofningseiginleika,
 - byggingarkerfi fyrir þurrt múrverk með lóðréttum einingum.
- 3) Evrópsku matsskjölin, sem samtök tæknimatsstofnana hafa samþykkt, uppfylla kröfurnar í tengslum við grunnkröfur um mannvirki sem settar eru fram í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 305/2011. Því er viðeigandi að birta tilvísanir í þessi evrópsku matsskjöl í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
- 4) Skráin yfir tilvísanir í evrópsku matsskjölin fyrir byggingarvörur er birt samkvæmt framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/450 ⁽²⁾. Fyrir skýrleika sakir ætti að bæta tilvísunum til nýrra evrópskra matsskjala í þá skrá.
- 5) Því ætti að breyta framkvæmdarákvörðun (ESB) 2019/450 til samræmis við það.
- 6) Til að gera mögulegt að nota evrópsku matsskjölin eins og fljótt og auðið er og gera framleiðendum, sem hafa þegar undir höndum evrópskt tæknimat, kleift að setja vörur sínar á markað, ætti þessi ákvörðun að öðlast gildi á þeim degi sem hún er birt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarákvörðun (ESB) 2019/450 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 5. júlí 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Kerstin JORNA

Aðalframkvæmdastjóri

*Stjórnarsvið innri markaðar, iðnaðar, frumkvöðlastarfsemi
og lítilla og meðalstórra fyrirtækja*

⁽²⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/450 frá 19. mars 2019 um birtingu evrópsku matsskjálanna fyrir byggingarvörur sem samin voru til stuðnings reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 (Stjtið. ESB L 77, 20.3.2019, bls. 78, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2019/450/oj).

VIÐAUKI

Í viðaukanum við framkvæmdarákvörðun (ESB) 2019/450 er eftirfarandi línur bætt við í röð eftir tilvísunarnúmerum:

„040057-01-1201	Varmaeinangrunarplötur úr kísiltvíoxíði alsett örholum (kemur í stað tækniforskriftarinnar „EAD 040057-00-1201“)
„040868-00-0404	Stífar einingar úr pólýúretanfrauði til að festa tengihluta við útveggi
„090019-01-0404	Kerfi fyrir plötur úr útpöndu glerkurli, magnesíumoxíði eða öðrum steinefnum, með múrhúð sem borin er á á staðnum, sem notaðar eru sem útveggjaglæðning (kemur í stað tækniforskriftanna „EAD 090019-00-0404“ og „EAD 090119-00-0404“)
„130018-00-0303	Kerfi fyrir plötur sem eru úr samsettu timbri og steypu
„150001-01-0301	Sement sem byggist á belítkalsíumsúlfóalati og kalsíumsúlfóalati (kemur í stað tækniforskriftarinnar „EAD 150001-00-0301“)
„160031-00-0301	Tengijárnaskúffur
„180002-00-0706	Varnir í opum og ysta byrði fyrir flóðvarnir bygginga eða annarra mannvirkja
„190014-00-0503	Samsettar gólfklæðningar til notkunar utan- og innandyr
„190022-00-0503	Saumlaus og vistfræðileg flotilögn úr endurnýjanlegu og sjálfbæru efni
„190026-00-0502	Fjaðrandi gólfefni úr etýlenprópýlendíen(-einliðu) og gúmmíkurli
„200077-00-0103	Kerfi fyrir smíði bergbolta – kerfi fyrir snittteina
„210132-00-0504	Trefjaplötur til notkunar í annað en burðarvirki innandyr sem eru gerðar úr endurunnum beðmistrefjum á grunni beðmisleifa frá iðnaði
„260023-00-0301	Trefjastyrktir fjölíðuteinar úr kolefni, gleri, basalti og aramíði til styrktar burðareiningum
„300008-00-0404	„Hitasveigt, óhert gler og lagskipt öryggisgler úr hitasveigðu, óhertu gleri“
„330196-01-0604-v01	Plastankeri sem eru skrúfuð í loft til að festa ytri varmaeinangrunarkerfi með múrhúð eða einangrunarvörur
„330424-00-0604	Skrúfuankeri fyrir hita- og þrýstiherta frauðsteypu og létta steypu
„330499-02-0601	Límdar festingar og þenslufestingar til notkunar í steypu (kemur í stað tækniforskriftarinnar „EAD 330499-01-0601“)
„332402-00-0601	Tengi fyrir steypustyrktarteina, sem komið er fyrir eftir á, með bætta tengi- og klofningseiginleika
„340297-00-0203	Byggingarkerfi fyrir þurrt múrverk með lóðréttum einingum.